



Skólaráðsfundur - fjarfundur

Dagsetning: 30. mars 2020

Fundarmenn sem voru mættir: Kristinn skólastjóri, Hulda Sólveig fulltrúi kennara, Wendy fulltrúi kennara, Agnes fulltrúi annars starfsfólks, Guðrún formaður foreldrafélagsins, Inga Sigríður fulltrúi nemenda,

Fjarverandi: Luciana fulltrúi nemenda, Guðvarður og Arnar fulltrúar foreldra, Magnús fulltrúi grendarsamfélagsins.

Skólastarf í skugga Kórónaveirunnar Covid-19

Skólastarfið hefur gengið ágætlega en mætingar nemenda eru nú um 55%. Skólanum er skipt niður í sex hólf. Nemendur mæta á misjöfnum tímum í skólann. Námsáætlanir eru settar á Mentor í heimavinnuáætlun.

Að sögn Ingu Sigríðar gengur ágætlega að læra en þetta er mjög skrítið. Eldri nemendur hafa verið að senda kennurum fyrirspurnir til að fá aðstoð með námið.

Hjá yngstu nemendunum gengur illa að halda tveggjamestrareglunni. Einnig er spurning hvort allir foreldrar séu að fylgjast með á Mentor.

Guðrún sagði að hjá sér væri þetta að ganga ágætlega. Hún hafði ekki heyrt í öðrum foreldrum.

Spurning með þá nemendur sem ekki eru að mæta og ekki eru að ná að halda áætlun.

Hvernig náum við til þeirra nemenda.

Nemendur í 10. bekk eru að gera sér grein fyrir að þeir verða að halda áfram að vinna.

Sagt var frá Heimaskóla Hvaleyrarskóla en hann var kynntur í Hvalrekanum sem fór út til foreldra á föstudaginn. Auglýsa þarf betur Heimaskóla Hvaleyrarskóla á heimasíðu skólans.

Guðrún ætlar að vekja athygli á Heimaskólanum á síðu foreldrafélagsins.

Gert ráð fyrir þessu sama fyrirkomulagi á skólanum áfram eftir páska.

Næsti fundur: verður í lok apríl.

Fundi slitið kl. 15:40

Samantekt skráði: Sigrún Einarsdóttir aðstoðarskólastjóri.